

(B. XLII, 1).

Nd.

98. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Jakob Möller, Magnús Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Í Reykjavík skal vera ljósmæðraskóli.

2. gr.

Fyrir »ó mánuðir« í 2. gr. komi: 9 mánuðir.

3. gr.

Í 3. og 7. gr. laganna komi: ljósmóðir í stað »yfirsetukona«.

4. gr.

Altan við 4. gr. bætist:

Þær námskonur einar fá styrkinn, sem skuldbinda sig til að takast á hendur að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 5 ár samfleytt, nema sjerstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að fullu að öðrum kosti.

5. gr.

Eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 5. og 6. gr., svo hljóðandi:

a)

5. gr.

Inntaka í ljósmæðraskólann skal bundin þessum skilyrðum:

1. Innsækjandi sýni skirnarvottorð, bóluvottorð og heilbrigðisvottorð, siðferðisvottorð frá sóknarpresti og vottorð um að hafa lokið fullnaðarprófi barna.
2. Innsækjandi skal sýna skilríki frá hreppsnefnd og sýslumanni um það, að henni sje ætlað ákveðið ljósmóðurumdæmi að loknu prófi.
3. Innsækjandi sje ekki yngri en 22 ára og ekki eldri en 35 ára. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarki, ef ástæða þykir.

b)

6. gr.

Tala námskvenna skal að jafnaði ekki vera hærri en 10—12.

6. gr.

5., 6. og 7. gr. verði 7., 8. og 9. gr.

7. gr.

8. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

8. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 15, 22. okt. 1912, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk stjórnar ljósmæðrafjelags Íslands og tilmælum landlæknis, og fylgja því svofeld ummæli ljósmæðrafjelagsstjórnarinnar:

Þriðji aðalfundur Ljósmæðrafjelags Íslands 29. júlí 1922 samþykkti að fela stjórn fjelagsins að koma fram þeim breytingum á fyrirkomulagi ljósmæðraskólans, er hún teldi nauðsynlegar.

Undirritaðar ljósmæður, sem erum í stjórn Ljósmæðrafjelags Íslands og skipaðar erum kennarar í verklegri tilsögn námskvenna í ljósmæðraskólanum, leyfum oss því hjer með að senda hinu háa alþingi erindi um breytingar á lögum nr. 15, 22. okt. 1912, um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Enda þótt vjer játum, að nokkur bót hafi fengist á fræðslu ljósmæðra hjer á landi með tjeðum lögum frá því sem áður var, höfum vjer þó fundið til þess, að annmarkar eru á þeim, og þeir sumir ekki alllitlir; þykjumst vjer að nokkru bærar um að dæma, þar sem við höfum á hendi svo að kalla alla verklega kenslu námskvenna og vitum vel um framfarir þeirra og hve færar þær mega teljast til að takast á hendur það vandastarf, sem þeim er ætlað að afloknu prófi. Oss er einnig kunnugt, að hvergi mun ljósmæðraefnum vera ætlaður jafn stuttur námstími eins og hjer á landi, og það jafnvel þótt hjer sje enn engin fæðingarstofnun, er þær geti notið verklegrar fræðslu og æfinga á, eins og tíðkast í öðrum löndum, en þar hefir þó jafnvel komið til mála að lengja námstímann svo, að hann yði þar tvö ár.

Vjer þykjumst vita, að námsstúlkurnar muni að öllum jafnaði geta lokið nokkurnvegin sæmilega hinu bóklega námi á þeim 6 mánuðum, sem tjeð lög ætla þeim til námsins, en hitt vill ábresta heldur, að þær geti notið nógu vel verklegrar tilsagnar, þótt vjer höfum reynt að leggja við hana alla alúð, eftir því sem oss hefir verið frekast unt.

Ljósmæðranámi er svo varið, að verklegri kenslu verður ekki vel viðkomið fyr en námsstúlkurnar eru orðnar sæmilega að sjer í bóklegu fræðunum, en það er ekki fyr en áliðið er vetrar. Hjer við bætist, að það er engin leið að

láta þeim í tje nægileg verkefni til verklegra æfinga á svona skömmum tíma, sem þeim er skamtaður til námsins, þar sem hjer er að eins um að ræða einka-praxis þeirra ljósmæðra, sem kensluna hafa á hendi, meðan engin fæðingarstofnun er hjer til.

Þó væri máské nokkur vegur til að bæta úr þessum skorti, ef lengdur væri námstíminn að nokkrum mun, því að þá mundi námskonur njóta betur tilsagnarinnar, og auk þess fá miklu fremur að fást við eitthvað verklegt, er kunnugt væri orðið, að þær væru farnar að verða nokkurnveginn færar til einhverra athafna upp á eigin spýtur.

Vjer förum því fram á, að námstíminn verði lengdur um 3 mánuði og verði 9 mánuðir.

Þá er annað atriði, sem oss finst varhugavert. Þvi verður ekki neitað, að það hefir viljað brenna við, af því að aðgangur að skólanum hefir verið næsta auðveldur, að ekki væri allskostar trútt um, að til skólans hafi stundum valist stúlkur, sem ekki hafa allar haft sem best skilyrði til námsins eða þeirrar stöðu, sem þeim er ætlað að afloknu prófi, enda komið fyrir að þær hafa, sumar hverjar, ekkert umdæmi tekið að sjer að prófi loknu, og aðrar setið i umdæmi 1 eða máské 2 ár, og sagt svo af sjer algerlega. Til þess að reyna að afstýra þessu viljum vjer reyna að fara þá leið, að þrengja að mun aðgönguskilyrði að skólanum, með því að láta námsstúlkur skuldbinda sig til að taka þegar að sjer umdæmi að afloknu prófi og þjóna umdæminu að minsta kosti ákveðinn árafjöldi, og höfum vjer sett 5 ár sem stysta tímatakmark, en jafnframt viljum vjer setja inn ákvæði um að þær endurgreiði námsstyrkinn að öðrum kosti, ef þær sanna ekki lögleg forföll. En það köllum vjer lögleg forföll, ef ljósmóðir fatlast að heilsu eða flytur af landi hurt. Ætlum vjer að með þessum ákvæðum verði siglt fyrir þau sker, að skólann sæktu aðrar en þær, sem einlægán vilja hafa og áhuga á náminu og er það einbert alvörumál. Þetta kunna að þykja getsakir, en sannað mundum vjer geta, ef til kæmi, að þetta er ekki talað út í bláinn.

Þá þykir oss líka rjett að herða enn á inntökuskilyrðum i skólann með því að láta námskonur sýna þau vottorð, sem lögboðin eru við aðra skóla, og auk þess siðferðisvottorð frá sóknarpresti og kunnáttuvottorð frá þeim presti, sem þær hefir fermt, og árjetta þetta enn með vottorði frá prófnefnd fræðslunefnda eða frá skólanefnd. Námskonur þurfa að hafa að minsta kosti meðalgreind (helst meira!), ella gengur þeim aldrei námið, og vel skrifandi þurfa þær líka að vera (skýrslugerðir o. fl.). Þá finst oss heldur ekki nema sjálfsagt að gengið sje eftir skilríki um að hverri námskonu sje ætlað ákveðið ljósmæðraumdæmi að loknu prófi, svo að hún geti þegar tekið til starfa. Aldurstakmark ætlum vjer líka að heppilegt sje að hafa, og förum vjer fram á að það verði milli 22 og 35 ára.

Undanfarin ár hefir tala ljósmæðraefna oftast verið hátt á annan tuginn, alt að 17. En þar með er ekkert um það sannað, að þær hafi allar tekið að sjer ljósmæðraumdæmi þá þegar, og munu vera vanhöld nokkur á, ef eftir væri leitað. Allar hafa þær þó notið námsstyrksins i því skyni, að þær tækju þegar til starfa sem ljósmæður. Nú er hvorttveggja, að næsta ólíklegt er að fleiri ljósmæður þurfi i skórðin en 10 árlega, og hitt annað, er til kenslunnar kemur, að miklu mundi hún verða drýgri og notabetri, ef ekki væru of margar i senn námsstúlkurnar,

sem hennar ætla að njóta; tekur þetta einkum til verklegu kenslunnar. Bóknáminu kann að vera hægt að koma af, þótt þær sjeu upp undir 20, og þó líklega tæplega eins vel og vandlega eins og ef færri væru. Af þessum orsökum viljum vjer takmarka nemendatöluna og tiltaka 10 árlega, mest 12.

Þá er eftir að minnast á það atriðið, sem oft vill verða hvað viðkvæmast mörgum alþingismönnum og oft ráða alveg úrslitum um afdrif ýmsra málaleitana til þingsins, en það er kostnaðaratriði. Vjer höfum athugað málið einnig frá þessari hlið og fáum ekki sjeð, að kostnaðarauki þurfi nokkur að verða að þessu nýja fyrirkomulagi, ef uppástungur vorar verða allar teknar tii greina. Námsstyrkur fyrir 10 stúlkur í 9 mán. verður engu hærri en fyrir 15 í 6 mánuði, og þótt þær yrðu 12, verður námsstyrkurinn ekki hærri en fyrir 18 stúlkur í 6 mánuði, en undanfarin ár munu námskonur hafa sjaldan verið færri en 15 til 17 árlega, — þetta ætti því ekki að verða til falls þeirri málaleitun, er hjer er framborin.